


Varðar: Eskihlíð 12 – umsókn um ökutækjaleigu

Lagt fram bréf Samgöngustofu, dags. 5. júní 2023 þar sem óskað eftir umsögn vegna umsóknar Jakub Madej f.h. Magic Iceland Travel ehf. um að reka ökutækjaleigu að Eskihlíð 12. Sótt er um þrjú ökutæki til útleigu.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Loftmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á Eskihlíð 12 borgarhluta 3 Hlíðar og er á skilgreindu íbúðarsvæði ÍB17 Hlíðar vestur.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi á lóðinni.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 12, 12A og 12 B við Eskihlíð er fjölbýlishús með 27 íbúðum, byggt 1946 skv. fasteignaskrá. Á aðaltekningum eru engin merkt bílastæði á lóðinni en á loftmynd úr borgarvefsjá eru talin 27 stæði á lóðinni, eitt fyrir hverja íbúð. Óskað umsagnar skipulagsfulltrúa á umsókn Jakub Madej f.h. Magic Iceland Travel ehf. um að reka ökutækjaleigu að Eskihlíð 12 fyrir allt að þrjú ökutæki.

Samkvæmt aðalskipulagi er lóðin og byggingin staðsett á íbúðasvæði, en á íbúðasvæðum er almennt gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði ásamt tilheyrandi opinberri grunnþjónustu, almennri verslun og þjónustustarfsemi og minni útivistarsvæðum. Innan íbúðarbyggðar er mögulegt að gera ráð fyrir fjölbreyttri atvinnustarfsemi, enda séum að ræða þríflega starfsemi sem ekki veldur ónæði og vísað í leiðbeiningar hverfisskipulags. Í leiðbeiningum hverfisskipulags eru nánar fjallað um starfsemi í íbúðarbyggð.

Sjá: <https://skjol.hvsk.is/leidbeiningar/Leidb-Hvsk-Starfsemi-ibudarbyggd.pdf>

Þar kemur fram að ökutækjaleiga er ekki heimil innan íbúðarbyggðar, hvorki í atvinnu- né íbúðarhúsnæði auk þess sem engin bílastæði eru til staðar fyrir starfsemina. Því er tekið neikætt í erindið.

Ökutækjaleiga	Nei	Nei	Starfsemin er ekki heimilúð innan íbúðabyggðar, hvorki í atvinnu- né íbúðarhúsnæði.
---------------	-----	-----	---

Niðurstaða

- Gerðar eru skipulagslegar athugasemdir við ökutækjaleigu í íbúðarbyggð á lóð nr. 12 við Eskihlíð.
- Samræmist ekki aðalskipulagi eða leiðbeiningum hverfisskipulags um starfsemi í íbúðarbyggð.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri